

Ég undirrituð geri eftirfarandi athugasemdir við Búlandsvirkjun og tel að hana eigi að flytja úr biðflokki í verndunarflokk. Helstar ástæður þess er lýst hér að neðan.

a) Virkjunin, þ.e. uppistöðulón og stíflumannvirki er mjög nálægt Eldgjá en hún er hluti af um 40 km langri gossprungu sem vitnar um stórkostleg eldsumbrot á nútíma. Í náttúrverndarlögum er svæðið talið stórbrotið og fjölbreytt landslag og er þetta vinsælt útivistarsvæði. Um er að ræða miklar stíflur og áveitumannvirki og því fylgir mikið rask. Fyrirhugaðar framkvæmdir munu rýra þetta útivistarsvæði gríðarlega og hafa sjónræn og tilfinningaleg áhrif í Eldgjá og inn á Friðland að Fjallabaki.

b) Skaftá ber með sér mikið magn silts og leir og ekki hjá því komið að set safnist fyrir í lóninu en það mun sveiflast frá 9,2 km² í 5 km². Setið berist með vindi inn á gróíð land eins og reynsla er frá öðrum jökulárlónum. Ekki er vitað hver áhrif verður á framburðar árinna í sínum gamla farvegi, vetrarrennsli verður minnkað og því berst að öllum líkindum minna af seti til sjávar heldur situr eftir og getur fok aukist yfir vetrarmánuðina.

c) Lónstæðið sem er um 9,2 km² er á grónu svæði sem hingað til hefur verið mikilvægt til beitar á þessu svæði sem þarf að fara varlega í beitarmálum vegna staðsetningu sinnar nálægt einum virkustu eldfjöllum landsins.

d) Á móts við Hólaskjól (Lambaskarðshóla) verða lagðir garðar og stíflur sem munu hafa mikil sjónræn áhrif inn á allt umhverfi Hólaskjóls. Á þessu svæði er ein vinsælasta gönguleið landsins, Sveinstindur-Skælingar-Hólaskjól.

e) Skaftá rennur frá Vatnajökli að Skaftárósum og ber fram vatn til byggða Skaftárhrepps. Í vatnasvið árinna er m.a. eitt af mestu lindasvæðum landsins, Eldvatn í Meðallandi, sem þekur um 24 km² með 25 m³/s rennsli. Á þessu svæði er einstakt vistkerfi sjóbirtings sem þrífst í nær öllu vatnasviðinu.

f) Á vatnasviði Skaftár er mikið fuglalíf og er þar m.a. votlendii sem er á lista yfir *Important Bird Areas in Europe* og er meðal helstu votlendissvæða Norðurlanda og er á tillögu Umhverfisstofnunnar að friðlýsa votlendi Grenlæks og Eldvatns sem búsvæði.

g) Eldhraun sem rann í einum mestu hörmungum Íslandsögunnar fær grunnvatn sitt úr Skaftá. Umhverfisstofnun hefur gert að tillögu sinni að friðlýsa hraunið sem náttúruvætt og mun virkjunin óhjákvæmilega hafa áhrif á þau áform og munu áveitugarðar vera lagðir í hraunið á móts við Búland.

h) Í Eldhrauni, sem nú er þakið hraungambra, á sér stað mjög merkileg gróðurframvinda.

i) Vatnsmagn í Tungufljóti mun stórminnka með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir það fiskalíf sem þar er.

j) Í ár var það svæði þar sem áformað er að byggja Búlandvirkjun formlega samþykkt inn í European Geoparks Network og UNESCO Global Geoparks Network sem Katla jarðvangur. Nær sá jarðvangur yfir sveitarfélögin Skaftárhrepp, Mýrdalshrepp og Rangárþing eystra en með jarðvangnum skapast ný tækifæri í ferðþjónustu og til hvers konar framleiðslu afurða á svæðinu en framkvæmdir eins og Búlandvirkjun mun rýra mjög gildi svæðisins og möguleika þess í ferða- og framleiðsluþnaði ýmis konar.

Í hvítbók um náttúruvernd sem gefin var út 2011 segir: “Mikilvægt er að stuðla að verndun heildstæðra vatnasviða af ólíkum vatnagerðum. Einna brýnast er að standa vörð um lindavatnskerfi á eldvirka belt landsins þar sem er að finna ungar gropnar og lekar hraunmyndanir sem myndast hafa í gosum eftir að síðasta jökulskeiði lauk...” (bls 69). Skaftá er enn óskert vatnasvið og rennur á svæði þar sem stærstu hraun landsins hafa runnið frá landnámi og ber að vernda þetta samspil. Sjálfbær þróun er hugtak þar sem reynt er að ná jafnvægi milli efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra þátta. Hvað viðkemur Búlandvirkjun hefur enginn könnun verið gerð á félagslegum áhrifum þessarar virkjunar. Ljóst er að virkjunin er ekki sjálfbær m.t.t. umhverfisþátta heldur ganga á gæði landsins með óafturkræfum hætti og enn fleiri atriði ber að taka tillit til vegna óvissu um afleiðingar hennar á vistkerfin á svæðinu. Í efnahagslegu tilliti er ljóst að nokkrir bændur munu bera skaða af virkjuninni og óljóst hver áhrifin verða á ferðþjónustu á svæðinu.

Að þessu framansögðu legg ég áherslu á að Búlandsvirkun verði flutt í verndunarflokk rammaáætlunar.

Jóna Björk Jónsdóttir
Skólatún 3b,
840 Laugarvatn